

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts 2014 og opinn fræðslufundur um nýja reglugerð um velferð hrossa.

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts var haldinn í Spretshöllinn fimmtudaginn 11. desember 2014. Formaður félagsins, Hannes Hjartarson, setti fundinn og stakk upp á Kristni Hugasyni sem fundarritara og að hann stjórnaði sjálfur fundi sem var samþykkt samhljóða. Fundurinn var fjölsóttur og létt yfir mannskapnum.

Formaður flutti skýrslu stjórnar sem hann lagði fram fjölrítaða. Helstu atburðirnir í starfi félagsins á starfsárinu voru ræktunardagur og vísindaferð. Einnig voru reikningar félagsins kynntir og skýrðir. Voru þeir samþykktir samhljóða sem og skýrslan.

Kristinn Hugason var síðan endurkjörinn í stjórn til næstu þriggja ára og Guðjón Tómasson í varastjórn. Stjórn félagsins er þá svo skipuð: Hannes Hjartarson formaður, Kristinn Hugason og Sveinn Gaukur Jónsson meðstjórnendur og í varastjórn: Guðjón Árnason, Guðjón Tómasson og Gunnar Már Þórðarson. Árgjald félagsins var samþykkt óbreytt; kr. 2.000,-. Smávægilegar breytingar á lögum félagsins (breyting á nafni o.þ.h) voru síðan samþykktar samhljóða.

Var síðan gengið til að veita viðurkenningar en úr þessu litla félagi voru hvorki meira né minna en þrjú hross í verðlaunasætum á landsmótinu í sumar, fyrst voru veittir nýir farandgripir sem velunnarar félagsins hafa gefið flesta hverja en þeir eru veittir í öllum aldursflokkum stóðhesta og hryssna:

4 v. hryssur: Ekki úthlutað.

4 v. stóðhestar: Ljósvali frá Valstrýtu IS2010180716, aðaleinkunn: 8,15.

5 v. stóðhestar: Mímír frá Hamrahóli IS2009186613, aðaleinkunn: 8,38.

5 v. hryssur: Klara frá Fjarkastokki IS2009286350, aðaleinkunn: 7,94.

6 v. hryssur: Ilmur frá Fornusöndum IS2008284171, aðaleinkunn: 8,20.

6 v. stóðhestar: Þór frá Votumýri 2 IS2008187937, aðaleinkunn: 8,51.

7 v. og eldri hryssur: Stika frá Votumýri 2 IS2007287936, aðaleinkunn: 8,56.

7 v. og eldri stóðhestar: Krókur frá Ytra-Dalsgerði IS2006165794 Ae: 8,74.

Um úthlutunina gilda þær reglur að ræktandi hrossins sé skráður og skuldlaus félagsmaður í ræktunardeildinni þegar hrossið er dæmt og að það nái tilskilinni lágmarkseinkunn. Var sýnt video af verðlaunahrossunum sem er aðgengilegt á vefnum á slóðinni:

https://www.youtube.com/watch?v=RcS5W_RW6Vk

Ræktunarmenn Hrossaræktarfélags Spretts 2014 voru því næst útnefnd og voru það þau hjónin Kolbrún Björnsdóttir og Gunnar Már Þórðarson fyrir ræktun sína á stóðhestinum Þór frá Votumýri 2 en um úthlutunina gildir sú regla að ræktunarbikar Hrossaræktarfélags Spretts er einungis veittur einu sinni fyrir sama hrossið, sýnt var video af gæðingshrossum þeirra hjóna Þór og Stiku en fyrir ræktun sína á henni fengu þau verðlaunin í fyrra, sjá slóðina:

https://www.youtube.com/watch?v=b9_SF33bYBc

Undir liðnum önnur mál var greint frá því helsta sem framundan er í störfum hjá félaginu, það helsta er ræktunardagur 14. febrúar nk. og vísindaferð vestur og norður um land þann 14. mars og verður hvoru tveggja kynnt betur er nær dregur.

Að loknu fundarhléi tók Kristinn Hugason við stjórn fundarins en þá fór fram kynning á nýrri reglugerð um velferð hrossa, dr. Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Mast flutti greinargott og fróðlegt erindi um reglugerðina þar sem hún skýrði m.a. vel á hvern hátt fóðrun hrossa og þá ekki síður of- en vanfóðrun snertir velferð þeirra. Margt fleira kom fram í erindi Sigríðar, s.s. hvaða reglugerðarákvæði varða húsvist, gerði, tannröspun og stangir með tunguboga. Var góður rómur gerður að mörgu í erindi Sigríðar og bárust ýmsar fyrirspurnir úr sal. Hins vegar voru fundargestir ekki á eitt sáttir um boðskapinn hvað tannröspun og bann við notkun stanga með tunguboga varðar. Um þau mál tóku Björn Þór Björnsson, Viggó Sigursteinsson, Erling Ó. Sigurðsson og Hannes Hjartarson til máls. Voru umræðurnar góðar og málefnalegar og verður örugglega framhaldið síðar. Að þeim loknum og lokaorðum Sigríðar, þakkaði Kristinn Hugason Sigríði fyrir erindið og fundargestum öllum fyrir komuna og sleit því næst fundi.